

Til allra sveitarfélaga
Sent rafrænt

Reykjavík, 9. október 2025

Efni: Biðtími eftir NPA þjónustu

Bréfi þessu er beint til allra sveitarfélaga og varðar biðtíma eftir notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) sem sveitarfélög veita á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ÖBÍ réttindasamtökum berast reglulega frá umsækjendum um NPA er talsverður fjöldi einstaklinga sem enn bíður þess að fá slíka þjónustu frá sínu sveitarfélagi. Með bréfi þessu er leitað eftir upplýsingum um umfang slíkra biðlista í hverju sveitarfélagi um sig og ástæður að baki þeim.

Samkvæmt lögum nr. 38/2018 ber sveitarfélagi að hefja þjónustu, þ.m.t. NPA þjónustu samkvæmt 11. gr. laganna, strax og umsókn um hana hefur verið samþykkt nema það sé ekki unnt, sbr. 34. gr. laganna. Í síðarnefnda tilvikinu ber sveitarfélagi að tilkynna umsækjanda um ástæður þess að ekki sé unnt að hefja þjónustuna strax og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrirséð er að þjónusta sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra þjónustu sem er í boði. Þá skal veita honum aðra viðeigandi þjónustu á meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist.

Samkvæmt framansögðu er meginreglan sú samkvæmt lögum nr. 38/2018 að þjónusta á grundvelli laganna skuli hefjast strax og umsókn um hana hefur verið samþykkt. Undantekningin frá þessari meginreglu á aðeins við um tilvik þar sem af einhverjum ástæðum er ekki unnt að hefja veitingu samþykkrar þjónustu strax. Í því tilviki þarf að gera umsækjanda grein fyrir því hverjar þessar ástæður eru og hvenær samþykkt þjónusta muni hefjast auk þess sem leiðbeina þarf umsækjanda um önnur úrræði og veita aðra viðeigandi þjónustu á biðtíma ef fyrirséð er að hann verði lengri en 3 mánuðir frá samþykkt umsóknar. Lög nr. 38/2018 gera þannig ekki ráð fyrir því að heimilt sé að setja umsækjendur um þjónustu á grundvelli laganna í þá stöðu að bíða í lengri tíma eftir að þjónusta hefjist án þess að þeir fái upplýsingar um ástæður þess og hvenær biðinni muni ljúka. Þá leiðir af lögnum að gildar ástæður þurfa að búa að baki töfum á veitingu þjónustu eftir að umsókn um hana hefur verið samþykkt.


Hlutverk ÖBÍ réttindasamtaka er að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt þess. Eins og áður greinir berast samtökunum reglulega upplýsingar frá umsækjendum um NPA sem benda til þess að nokkur fjöldi einstaklinga sé í bið eftir því að fá slíka þjónustu frá sínu sveitarfélagi. Áréttað skal í því sambandi að NPA þjónustu er ætlað að mæta langvarandi stuðningsþörfum og gera fötluðu fólki með slíkar stuðningsþarfir kleift að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu til jafns við aðra borgara í samræmi við 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Langvarandi bið eftir slíkri

Þjónustu er almennt til þess fallin að girða fyrir það að hlutaðeigandi einstaklingar fái notið þessara grundvallarmannréttinda. Af þessu tilefni er óskað upplýsinga um eftirfarandi:

1. Hversu margir einstaklingar í sveitarfélaginu eru sem stendur í bið eftir því að samþykkt NPA þjónusta hefjist?
2. Hvaða ástæður búa því að baki að ekki hefur verið unnt að hefja NPA þjónstu við viðkomandi einstaklinga?
3. Hefur hlutaðeigandi einstaklingum verið tilkynnt um ástæður biðtíma og hvenær bið muni ljúka og veiting þjónustu hefjast?
4. Hefur hlutaðeigandi einstaklingum verið leiðbeint um önnur úrræði og veitt viðeigandi þjónusta á biðtíma?

Þess er óskað að svör sveitarfélagsins við ofangreindum fyrirspurnum berist ÖBÍ réttindasamtökum eigi síðar en 1. nóvember nk.

Virðingarfyllst,



Alma Ýr Ingólfssdóttir
formaður ÖBÍ réttindasamtaka